





Donum Therkelsen

Dánargjöf til Bessastaðaskóla 1805

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU OPNUÐ Í MARS 2025

Árið 1862 kom út skrá yfir bókasafn Lærða skólans í Reykjavík. Aftast í henni er sérstök skrá með yfirskriftinni „Registur yfir Donum Therkelsen.“ [Skrá yfir gjöf Therkelsen] sem Sveinbjörn Egilsson (1791–1852) tók saman árið 1849 í rektorstíð sinni. Skráin tilgreinir um 300 bækur, langflestar útgáfur frá átjándu öld á verkum forngrískra heimspekinga.

Therkelsen hét fullu nafni Jón Jónsson Therkelsen og var bóndasonur úr Mýrarsýslu, fæddur á Þorláksmessu árið 1774. Hann þótti afar efnilegur námsmaður, jafnvel „einhver hinn einstakasti námsmaður, sem Ísland hefur átt á seinni öldum“ eins og sagði í *Íslendingi* í mars 1863. Jón lærði við Hólavallaskóla og varð stúdent þaðan árið 1794. Hann var djákni á Breiðabólstað og síðar í Odda og kenndi svo í Reykjavík um tveggja ára skeið, 1800–1802. Árið 1802 hélt hann til náms við Hafnarháskóla og lagði þar stund á málfræði þar sem hann fékk m.a. verðlaunapening úr gulli fyrir góðan námsárangur.

Jón átti við veikindi að stríða allt frá fyrsta námsári. Hann veiktist af mislingum haustið 1802 og af „brjóstveiki“ þremur árum síðar sem dró hann til dauða. Hann lá inni á Friðriksspítala sumarið 1805 þar sem hann skrifaði bréf til Steingríms Jónssonar, síðar biskups (1769–1845), en þeir voru góðir vinir. Í einu bréfanna bað hann Steingrím um að rita ævisögu sína. Hann kemst þar að orði: „Nú kem ég til aðalefnisins, sem ég svo lauslega, þó í alvöru, nefndi einhvern tíma, að þú færðir í rit uppvaxtar og ungdóms sögu mína, annað getur hún varla heitið.“

Jón sendi Steingrími ýmis skilríki og skjöl sem gætu nýst við ritunina og ráðleggur honum einnig um stíl sögunnar, og nefnir þá helst ævisögu Bjarna Pálssonar (1719–1779) landlæknis sem Sveinn Pálsson (1762–1840) tók saman og gaf út árið 1800. „Smjaðra máttu ekki, en varlega skrifa“ segir Jón í bréfinu, enda sé samferðafólk hans á lífi og því megi hann ekki vera of berorður. Í bréfinu kemur fram að hann muni senda Steingrími gullmedalíuna sem hann fékk við Hafnarháskóla fyrir prentkostnaði bókarinnar.

Jón tók einnig saman erfðaskrá þar sem hann ánafnar Bessa-
staðaskóla bókum sínum og handritum, en skólinn hóf starfsemi
sína þá um haustið. 20. júlí skrifaði hann til Steingríms:

Sálar- og líkamskraftar þverra, sérílagi eru þeir seinni nú hreint á förum,
svo ég býst hvern dag við dauða mínum. Mitt testamenti hef ég allt gert,
og þar í skeinkt allar mína gagnsbækur og manuscripta til þess íslenska
latínuskóla. Útgjöra þær hér um 300 númer og mættu þær setjast í einn
afsíðis skáp, og skrifast máski á hurðina: Donum Therkelsen öðrum til
uppörvunar að breyta héreftir, ekki mér til hróss.

Um veglega gjöf var að ræða, en Jóni hafði tekist að viðá að sér
fjölmörgum bókum á sviði klassískra fræða á latínu, dönsku og
þýsku frá átjándu öld og jafnvel fyrr. Jón óskar þess jafnframt að fyrir
andvirði fatnaðar síns mætti kaupa rit eftir „góða latneska höfunda“
til skólans svo honum var umhugað um að efla bókakost hans.

Í síðasta bréfi sínu til Steingríms, 25. júlí, skrifar Jón: „minn
vaxandi veikleiki og handaskjálfti tillætur mér ekki að skrifa
framar.“ Hann lést svo aðfaranótt 31. júlí, á þrítugasta og fyrsta
aldursári og var borinn til grafar í kirkjugarði Þrenningarkirkju í
Kaupmannahöfn.

Steingrímur varð við ósk Jóns, og kom ævisagan út árið 1825 í litlu
kveri upp á 56 síður. Hún kom jafnframt út á dönsku 1829 sem
skólaboðsrit. Það var einnig séð til þess að hinni rausnarlegu
bókagjöf var komið fyrir í bókaskáp í bókasafni Bessastaðaskóla.
Síðar fluttust bækur hans til Lærða skólans í Reykjavík haustið
1846, en skólinn var arftaki Bessastaðaskóla. Nokkrum áratugum
síðar voru þær fluttar í Safnahúsið við Hverfisgötu þar sem Lands-
bókasafn var til húsa 1909–1994 og loks í Þjóðarbókhöllu í árslok
1994 í safn erlendra fágætisrita.

Gjöf Jóns hefur því farið um langan veg; frá Kaupmannahöfn til Bessastaðaskóla í upphafi nítjándu aldar, þaðan til Lærða skólans í Reykjavík, í Safnahúsið við Hverfisgötu og loks í Þjóðarbókhöllu undir lok þeirrar tuttugustu.

Handritin úr gjöf Jóns eru nú varðveitt saman í handritasafni Landsbókasafns og bera safnmörkin Lbs 2484–2493 4to. Þau hafa einkum að geyma uppskriftir Jóns af háskólafyrirlestrum sem hann sótti við Hafnarháskóla á árunum 1802–1805.

Heimildir:

„Bækur nýprentaðar í Reykjavík.“ *Íslendingur* 12. mars 1863, bls. 162–163.

John Barrow, *A visit to Iceland, by way of Tronyem, in the „Flower of Yarrow“ yacht in the summer of 1834* (London: John Murray, 1835).

Jón Árnason, *Registur yfir bókasafn hins lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík: Einar Þórðarson, 1862).

Steingrímur Jónsson, *Jon Jonsen Therkelsens Levnet* (Ribe: Ribe Katedral-skole, 1829).

Steingrímur Jónsson, *Æfisaga Jóns Jónssonar Therkelsen* (Kaupmannahöfn: [s.n.], 1825).

Mynd á forsiðu: John Barrow, *A visit to Iceland, by way of Tronyem, in the „Flower of Yarrow“ yacht in the summer of 1834* (London: John Murray, 1835).

Samantekt:
Bragi Þorgrímur Ólafsson,
mars 2025



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn